

**Fundargerð 8. fundar  
bæjarráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,  
19. september 2018 , kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Þór Ólafsson formaður, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir varaformaður, Magnús Sigfús Magnússon aðalmaður, Álfhildur Sigurjónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Magnús Stefánsson bæjarstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir embættismaður, .

**Fundargerð ritaði: Magnús Stefánsson, bæjarstjóri.**

**1. Sameining: staða verkefna - 1809074**

Bryndís Gunnlaugsdóttir ráðgjafi sat fundinn vegna 1. og 2. máls á dagskrá.

Lagt fram yfirlit yfir stöðu verkefna vegna sameiningar, er komu fram í samantekt undirbúningsstjórnar til bæjarstjórnar.

*Lagt fram til kynningar.*

*Bæjarráð færir starfsfólki sveitarfélagsins, sem hefur unnið bæði erfitt og krefjandi starf í sameiningarferlinu, innilegar þakkir fyrir þeirra vinnu. Án þeirra framlags værum við ekki jafn langt komin í þeim fjölda verkefna sem vinna þarf í kjölfar sameiningarinnar.*

*Framundan eru ýmis spennandi verkefni sem bæjarráð hlakkar til að leysa í góðri samvinnu með starfsfólki sveitarfélagsins og íbúum.*

**2. Heiti sameinaðs sveitarfélags - 1807102**

Fyrir liggur minnisblað með tillögu að verkáætlun um val á heiti sveitarfélagsins.

*Bæjarráð samþykkir tillögu um verkáætlun og að Hvíta húsið ehf. verði fengið til samstarfs við bæjarstjórn um val á nafnatillögum sem verði kosið um.*

*Stefnt er að því að bæjarstjórn staðfesti þær tillögur að nöfnum sem kosið verði um á fundi bæjarstjórnar þann 3. október, með það að markmiði að kosning fari fram hinn 3. nóvember.*

**3. Áhaldahús Sandgerðis og Garðs - 1809035**

Málinu var frestað á 7. fundi bæjarráðs.

*Bæjarráð samþykkir að tímabundin ráðning starfsmanns í áhaldahúsinu verði framlengd til áramóta.*

*Bæjarráð vísar erindinu einnig til frekari vinnslu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.*

**4. Fjölskyldusvið: skipulag frístundadeildar: tillögur - 1808064**

Málinu var frestað á 7. fundi bæjarráðs.

8. fundur bæjarráðs  
20.09.2018

*Bæjarráð samþykkir að vísa málinu til vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019. Jafnframt að bæjarráð mun fá sviðsstjóra fjölskyldusviðs á fund bæjarráðs, þar sem farið verði yfir tillögu að skipulagi fjölskyldusviðs.*

#### **5. Reynir Sandgerði: knattspyrnudeild - 1806426**

Fyrir liggur bréf sem afhent hefur verið Knattspyrnufélaginu Reyni, þar sem fram kemur að félaginu séu færðar kr. 250.000, í tilefni þess að Reynir varð deildarmeistari 4. deildar Íslandsmótsins í knattspyrnu.

*Bæjarráð óskar knattspyrnuliði Reynis innilega til hamingju með frábæran árangur í Íslandsmótinu í knattspyrnu og deildarmeistaratitil 4. deildar.*

*Af því tilefni leggur bæjarráð til að bæjarstjórn samþykki að Knattspyrnufélaginu Reyni verði færðar kr. 250.000.*

Fundi slitið kl. 16:45.

---

Ólafur Þór Ólafsson

---

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

---

Magnús Sigfús Magnússon

---

Álfhildur Sigurjónsdóttir

---

Magnús Stefánsson

---

Bryndís Gunnlaugsdóttir

---